



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 12.maí 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Halldór Jóhannsson (HJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Mættir varamenn: Jóhann Egilsson (JE) og Sigurjón Andersen (SA)

Fjarverandi: Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður

AS ritaði fundargerð.

1. Umræður varðandi fjölmiðla / Neikvæð umræða um akstursíþróttir í fjölmiðlum

Boðað var til sérstaks fundar í stjórn AKÍS til að ræða neikvæða umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum um upptökur og útsendingar frá torfærukeppnum sumarsins. BA, KK og Start sendu að kvöldi 10. maí frá sér sameiginlega yfirlýsingu varðandi upptöku og dreifingu mynda og myndskreiða frá keppnishaldi á þeirra vegum. Bragi Þórðarson brást við þessari yfirlýsingu félaganna með orðsendingu sama kvöld. Í framhaldinu hafa ýmsir aðilar tjáð sig á samfélagsmiðlum og víðar um upptökur og útsendingar frá torfærukeppnum og hefur mikið borði á neikvæðni í þeirri umræðu.

Stjórnin ræddi málið frá ýmsum hliðum. Fram kom að boðað hefur verið til fundar milli keppnishaldara og Braga sem fram mun fara á morgun, 13. maí. Ákveðið að óska eftir að fulltrúi stjórnar fái að sitja þennan fund.

2. Önnur mál

Rætt um möguleg laun fyrir nýjan framkvæmdastjóra.

Næsti áætlaði fundur 17. maí á Zoom kl. 18:00

Fundi slitið kl. 18:53